

A 1796/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar  
**um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum**

**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að unnið verði að því að draga úr sjálfsvígum í hverju og einu norrænu landanna um 25 prósent fram til ársins 2025 og með því langtímamarkmiði að þau þekkist ekki á Norðurlöndum

að unnið verði að þeirri sameiginlegu framtíðarsýn að sjálfsvíg þekkist ekki meðal neinna áhættuhópa á Norðurlöndum

að unnið verði að þeirri framtíðarsýn fyrir árið 2025 að sjálfsvíg á lestarteinum þekkist ekki á Norðurlöndum

að haldið verði á lofti hve ráðgjafarstöðvar fyrir ungmenni séu gott dæmi um hvernig draga megji úr andlegri vanheilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum

að efnt verði til leiðtogafundar árið 2021 til að norrænu löndin geti skipst á þekkingu um forvarnir gegn sjálfsvígum

að safna þekkingu og fenginni reynslu af sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum á tíma kórónufaraldursins

**Bakgrunnur**

Ár hvert falla um 3.500 manns fyrir eigin hendi á Norðurlöndum. Tíðni sjálfsvíga á Grænlandi er sú hæsta í heiminum og hugsanlegar skýringar á því tengjast þunglyndi, áfengissýki og ofbeldi. Af norrænu ríkjunum eru flest sjálfsmorð á hverja 100 þúsund íbúa í Finnlandi, þar næst í Svíþjóð, á Íslandi, í Noregi og Danmörku, samkvæmt State of the Nordic Region 2018.

Tíðnin er mismikil innan mismunandi hópa, s.s. eftir kyni, aldri og menntunarstigi. Lýðheilsuyfirvöld í Svíþjóð hafa gert úttekt á þeim sem féllu fyrir eigin hendi í landinu árið 2016. Í hópnum voru fleiri karlar en konur, meirihluti var ekki háskólagenginn og flestir voru í aldurshópnum 45–64 ára og 85 ára og eldri. Sjálfsvíg var ein algengasta dánarorsökin meðal ungs fólks.



Í Danmörku falla um 600 árlega fyrir eigin hendi. Það eru meira en þrefalt fleiri en látast í umferðarslysum. Á hverjum degi reyna u.þ.b. 20 að taka eigið líf og tveir falla fyrir eigin hendi eða þar um bil. Þeir sem áður hafa reynt sjálfsvíg eru mun líklegri til að gera það aftur seinna, samkvæmt niðurstöðum danskra rannsókna á sjálfsvígum. Fjöldi þeirra sem fremja sjálfsmorð með því að stökkva í veg fyrir lest hefur aukist í Danmörku á undanförunum fimmtán árum. Fjöldinn er breytilegur milli ára en á tímabilinu sem skoðað var voru slík tilvik 39 þegar mest lét, samkvæmt dönsku miðstöðinni um rannsóknir á sjálfsvígum (Center for Selvmordsforskning).

Hægt er að vinna að forvörnum gegn sjálfsvígum með margvíslegum hætti. Til dæmis er hægt að stuðla að því að börn alist upp við góðar aðstæður, að draga úr neyslu áfengis í samfélaginu, að efna til aðgerða á sviðum læknisfræði, sálfræði og sálfélagsfræði og að stuðla að aukinni þekkingu starfsfólks í umönnunargreinum og annarra lykilaðila sem eru í aðstöðu til að bera kennsl á hættumerki. Einnig getur verið um að ræða áþreifanlegar aðgerðir, svo sem að takmarka aðgengi að lyfjum sem hægt er að taka ofskammt af, en einnig að setja upp tálma við lestarteina. Sjálfsvígi fylgir mikið áfall fyrir ættingja og aðstandendur hins látna. Einnig er áfallið mikið fyrir lestarstjóra, nærstadda og þá sem koma að málinu á vettvangi þegar einhver hefur framið sjálfsvíg á lestarteinum. Mikilvægt er að gera fólki eins erfitt fyrir og mögulegt er að fyrirfara sér á þennan hátt.

Aðgerðaráætlanir sem hrint er í framkvæmd í löndunum og einstökum sveitarfélögum geta einnig komið að gagni. Til dæmis er Finnland eina norræna ríkið sem ekki hefur ýtt úr vör áætlun á landsvísi um forvarnir gegn sjálfsvígum. Við eigum að vinna að þeirri sameiginlegu framtíðarsýn að sjálfsvíg þekkist ekki á Norðurlöndum og hefja þá vegferð með áfangamarkmiðum og aukinni þekkingarmiðlun og samstarfi um forvarnir gegn sjálfsvígum.

### ***Umsagnarferli***

Nefndin ákvað á þinginu í Kaupmannahöfn í apríl 2019 að setja erindið í umsagnarferli hjá viðkomandi stjórnvöldum og stofnunum.

20 svör hafa borist. 3 frá Danmörku, 3 frá Finnlandi, 6 frá Íslandi, 2 frá Noregi, 4 frá Svíþjóð, 1 frá Grænlandi og 1 frá Álandseyjum. Flestir eru sammála því að grípa til einhverra ráðstafana. Nokkrir vísa til starfshópsins sem þegar er að störfum hjá Norrænu ráðherranefndinni. Þetta kemur fram í þeim skjölum sem send voru út fyrir fund dagsins.

Flestir umsagnaraðilar fagna miðlun þekkingar og reynslu. Margir nefna einnig að margt sé þegar gert á þessu sviði, meðal annars að Norræna ráðherranefndin hafi fallist á tillögu 10 í skýrslu Bos Könberg. Tillagan hljóðar svo: „Aukið norrænt samstarf á sviði geðlækninga - Standa að árlegum leiðtogafundi um geðlækningar, auka skipti á þekkingu og reynslu af líkönum fyrir bestu starfshætti á þessu sviði.“

Innsendar umsagnir hafa að geyma tillögur um eftirfarandi:

- Vettvang fyrir fundi norrænu landanna til að skiptast á hugmyndum



- Innlendar/norrænar framkvæmdaáætlanir
- Ráðgjafabjónustuna Livslinien í Danmörku sem veitir ráðgjöf um markmiðasetningu og hvernig ná megi markmiðunum
- Málþing eða hringborðsumræður um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum
- Þörfina á norrænum samstarfsvettvangi þvert á öll svið
- Frekari rannsóknir
- Samstarf á breiðum grunni milli löggjafa, heimilislækna og fræðimanna
- Athugun á algengum þáttum sem liggja að baki sjálfsvígum svo sem áföllum, félagslegri stöðu, uppruna, kynvitund, kynhneigð, fátækt, kynþætti, atvinnu, menntun o.fl.
- Forvarnir gegn sjálfsvígum á grundvelli mannúðarstefnu þar sem fólk sýnir öðrum samkennd
- Opnar og mannúðlegar samræður um sjálfsvíg
- Menntamál
- Viðbótarúrreði fyrir þá sem útskrifast af geðdeildum
- Mikla þýðingu sveitarfélaga í löndunum fyrir umrædda viðleitni
- Takmörkun aðgengis að lyfjum
- Uppsetningu tálma við lestarteina
- Vinnu samkvæmt E-CPR og Open Dialogue

Á fundi 25. maí 2020 voru eftirfarandi breytingar og viðbætur samþykktar:

- að efna til leiðtogafundar um sjálfsvíg á Norðurlöndum á árinu 2021 (í stað loka árs 2020)

- að safna þekkingu og fenginni reynslu af sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum á tíma kórónufaraldursins

Nefndin hefur fjallað um aðra þingmannatillögu, þ.e. „Ráðgjafarstöðvar fyrir ungmenni á Norðurlöndum“. Með því að tillagan varðar sama úrlausnarefni og þessi tillaga ákvað nefndin að flétta það inn í þetta nefndarálit.

#### **Álit nefndarinnar**

Nefndin er þeirrar skoðunar að málefnið sé afar brýnt og víðtækt enda varði það málefni sem snúa að börnum og ungmennum, eldri borgurum, minnihlutahópum, kynhneigð og því að fleiri karlar en konur fremja sjálfsvíg.

Í byrjun var mest áhersla lögð á börn og ungmenni en nefndin telur mikilvægt að fella alla áhættuhópa undir tillöguna.

Leiðtogafundurinn á að vera þverfaglegur og til að auka þekkingu og vitund um málið eiga fræðimenn, geðheilbrigðisstarfsfólk, sveitarfélög, kennarar og foreldrar að eiga fulltrúa.



Norðurlöndum, 15. september 2020

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Eva Lindh (S)*

*Høgni Hoydal (T)*

*Kaisa Juuso (saf)*

*Kasper Roug (S)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Nina Sandberg (A)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Pirkka-Pekka Petelius (grænum)*

*Solveig Horne (FrP)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*